NÁMSGREIN: SKREKKUR

KENNSLUYFIRLIT - SKREKKUR

Kennsluhættir: Kennt er í lotu tvisvar í viku í klukkutíma í senn. Lögð verður áhersla á að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Kennslan byggist m.a. á innlögn, reglulegri upprifjun, einstaklingsvinnu og hópavinna. Nemendur temji sér gagnrýna hugsun, ígrundun, sjálfstæðar skoðanir og skapandi vinnubrögð.

Námsþættir:

- persónusköpun
- spuni
- söngur
- dans
- trúðaleikur
- búningahönnun
- leikmunagerð
- **Orðaforði námsgreinar: tjáning, förðun, leikgleði, hlustun, spuni, persónusköpun, búningahönnun, leikmunagerð.**

<u>Námsmat</u>

Lykilhæfni:

- Verkefni yfirfarin og metin út frá lykilhæfniviðmiðum aðalnámskrár: þ.e. tjáning og miðlun, skapandi og gagnrýnin hugsun, sjálfstæði og samvinna, nýting miðla og upplýsinga og ábyrgð nemenda á eigin vinnu og framförum.

Áhersla er lögð á að nemandi öðlist eftirfarandi lykilhæfni:

- Að geti tjáð hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt.
- Að geti beitt mismunandi sjónarhornum, gagnrýnni hugsun við mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.
- Að geti tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum.
- Að geti gert sér grein fyrir hvernig hann nýtir styrkleika sína og hefur skýra sjálfsmynd.
- Að geti unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla.
- Að geti sett sér raunhæf markmið um frammistöðu og framvindu eigin náms, unnið eftir þeim og lagt mat á hvernig til hefur tekist.
- Að geti tekið leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt og að sama skapi sett eigin gagnrýni uppbyggilega fram.

Hæfniviðmið / matsviðmið:

Áhersla er lögð á að nemandi öðlist eftirfarandi hæfni:
Nýtir sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína á markvissan hátt.

Vinnur í hópi að fjölbreyttum leiklistarverkefnum, leggur fram sínar eigin hugmyndir og nýtir hugmyndir annarra við undirbúning og sköpun leikþátta.

2025_Sviðslistir leiklist fyrir 8.- 10. bekk - Túlkun
Túlkar leikpersónu á sviði í góðu samspili við meðleikara. Beitir rými, radd- og líkamsbeitingu á meðvitaðan hátt til þess að styrkja túlkun sína.

2025_Sviðslistir leiklist fyrir 8.- 10. bekk - Samskipti og samvinna
Veitir og tekur á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtir sér hana inn í vinnuferli í leiklist.

Námsgögn:

- Leiklist í kennslu eftir Ásu Helgu Ragnarsdóttur og Önnu Jeppesen
- Drama Menu - spunaæfingar https://www.youtube.com/watch?v=pGE2PZPqkyU&t=40s